

14

9. febr.

S A M Þ Y K K T

um breyting á jarðræktarsamþykkt fyrir Ræktunarsamband Suðurdala
í Dalasýslu, nr. 71 frá 21. febr. 1947.

19. grein samþykktarinnar orðist svo:

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er kr. 360 000.00 — þrjú hundruð og sextíu þúsund — auk tillags frá Búnaðarsambandi Dala og Snæfellsness.

Stofnfé sjóðsins er:

1. Fast gjald kr. 500.00 af hverju býli, sem er í ábúð á samþykktarsvæðinu (tví-býli telst tvö lögbýli), alls um kr. 50 000.00.
2. Kr. 50 000.00 greiðist þannig, að það skiptist á jarðir í ábúð eftir landverði í fasteignamati, svo og eftir landverði ræktunarlóða.
3. Hluta stofnfjárins, allt að kr. 80 000.00, tekur ræktunarsambandið að láni, eftir því sem þörf krefur, vegna vélakaupa sambandsins.
4. Framlög ríkissjóðs til kaupa á ræktunarvélum, samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, renna í stofnsjóð jafnóðum og þau greiðast til vélakaupa ræktunarsambandsins, og nema þannig allt að helmingi stofnfjárins.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febr. 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. febrúar 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

15

11. febr.

R E G L U G E R Ð

um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna.

1. gr.

Við afhendingu gjaldeyris fyrir útfluttar bátaafurðir, framleiddar á árunum 1951, 1952, 1953 og 1954, að undanteknum þorskalýsi, síld og síldarafurðum, gefur Landsbanki Íslands út innflutningsskirteini (nefnt A-skirteini hér á eftir), sem heimilar innflutning á þeim vörum, sem taldar eru í 7. gr. hér á eftir. A-skirteinið skal gefið út í íslenskum krónum og vera að upphæð jafnt helmingi þess gjaldeyris, sem skilað er, þó ekki hærra en helmingur fob-verðs hinna útfluttu afurða. Þegar um ísfisk er að ræða, skal miðað við helming brúttó-söluverðs erlendis, að frádregnum löndunar- og sölukostnaði, innflutningstolli og sjómannagjaldeyri.

2. gr.

A-skirteini skulu afhent Landssambandi isl. útvegsmanna og einnig Sambandi isl. samvinnufélaga vegna útfluttra bátaafurða á þess vegum.